

Netgengið ehf.
Grensásvegi 11
108 Reykjavík
KT: 650311-1160

Reykjavík, 23. ágúst 2021

B.t. Bæjarráðs Kópavogs

Efni: Ósk um umsögn og / eða athugasemdir við drónaflug til afhendingar í Kópavogi

Aha hefur undanfarinn 5 ár unnið tilraunaverkefni með Himnasendingar, en það eru heimsendingar með dróna. Verkefnið hófst 2016 hefur verið flogið í Reykjavík frá 2017 með leyfi frá Samgöngustofu í samráði við Isavia, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, persónuvernd og borgaryfirvöld.

Unnið er samkvæmt ströngu áhættumati og eru drónarnir búnir margskonar öryggisbúnaði til að lágmarka áhættu, og ef allt annað þrýtur er fallhlíf sem getur bremsað fall af jafnvel þó að hann bili í 25 metra hæð, en það er sú hæð sem hann afhendir úr.

Þá er hver dróni tryggður fyrir tjóni þriðja aðila fyrir allt a 1 milljón bandaríkjadala.

Hver afhending tekur stuttan tíma og hávaðinn er ekki mikið meiri en í rafmagnssláttuvél. Þá eru drónarnir hraðari, umhverfisvænari og að við teljum mun öruggari en heimsending með bifreiðum. Almennt verður fólk ekki vart við afhendingu sem fer fram fyrir utan húsið þeirra nema það sé úti.

Viðtökur viðskiptavina hafa verið vonum framar og hefur fólk verið mjög ánægt með þjónustuna.

Nú hefur fjöldi fólks haft samband við okkur úr Kópavogi og óskað eftir afhendingu þar.

Við óskum nú eftir umsögn eða athugasemdum við það að við afhendum með slíkum hætti í Kópavogi. Séu engar athugasemdir hyggjumst við hefja afhendingar í Kópavogi með sama hætti og við höfum gert í Reykjavík.

Ekki hika við að hafa samband í síma 546 5000 eða með pósti ef einhverjar spurningar eru við einhvern af eftirfarandi:

Maron Kristófersson - maron@aha.is
[Kristján Andri Gunnarsson](mailto:kristjan@aha.is) - kristjan@aha.is
Hans Pétur Jónsson - hans@aha.is

Meðfylgjandi er undanþágubréf Samgöngustofu ásamt umsögn persónuverndar.

Með von um jákvæðar undirtektir

Maron Kristófersson
Framkvæmdastjóri